

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 140/2235**  
**komudagur 7.5.2012**

Hörgslandi 07.05.2012

Atvinnuveganefnd Alþingis  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík  
[nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)

Efni: Athugasemdir við tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða.

Ég undirrituð, íbúi í sveitarfélaginu Skaftárhreppi, ítreka áður innsenda umsögn og athugasemdir vegna draga að tillögu til þingsályktunar um rammaáætlun um vernd og nýtingu náttúrusvæða með áherslu á vatnsafl og jarðhitasvæði, dags. 11.11.2011.

*„Skaftárhreppur er 7 % af Íslandi og myndar afar sérstæða jarðfræðilega heild með mikilli eldvirkni og samspili elds og íss. Í Skaftárhreppi gefst enn tækifæri til að vernda heildstæð vatnasvið af ólíkum vatnagerðum sem ekki hefur verið raskað með orkuvinnslu. Enn er margt á huldu um áhrif vatnsaflsvirkjana á vistkerfi lands og sjávar. Ljóst er að virkjanir í framburðarríkjum jökulvötnum eru ekki sjálfbærar. Þær hafa varanlegan skaða í för með sér því þær ganga á gæði landsins. Virkjanir sem háðar eru stórum miðlunarlónum til að jafna gríðarlegar árstíðabundnar sveiflur sem, ásamt því að drekkja gróðurlendum og búsvæðum fugla, auka fok sets úr lónstæðum. Framburður, botnruðningur, sandur og svifaur safnast fyrir í lónum og virkjanirnar hafa því endanlegan líftíma.*

*Samfélagsleg áhrif fyrirhugaðra virkjana í Skaftárhreppi hafa ekki verið rannsökuð en slíkar rannsóknir ættu að vera í forgangi þegar virkjanakostir koma til skoðunar. Samfélagið í Skaftárhreppi er fámennt og því veikt fyrir og berskjaldað gegn ásókn og gilliboðum orkufyrirtækja til sveitarfélagsins og einstakra landeigenda sem eiga land og vatnsréttindi á fyrirhuguðum virkjanasvæðum. Nú þegar má merkja mjög neikvæð samfélagsleg áhrif og óeiningu í samfélaginu vegna þeirra virkjanaframkvæmda sem eru á rannsókn- og undirbúningsstigi. Yfirlýsingar sveitarstjórnar, talsmanna orkufyrirtækjana og viðkomandi landeigenda í Skaftárhreppi um að mikil sátt sé um fyrirhugaðar virkjanaframkvæmdir eru til þess fallnar að villa um fyrir þeim aðilum sem um þessi mál fjalla. Það er telst ekki að sátt ríki í samfélagi þó að fáeinir sveitarstjórnarmenn hafi komist að niðurstöðu og taki ákvarðanir í skipulagsmálum sem geta haft afgerandi áhrif á náttúru og umhverfi til framtíðar“.*

**Krafa mín er sú að fallið verði frá öllum virkjanahugmyndum í jökulvötnum í Skaftárhreppi og þeir virkjanakostir sem nú eru í biðflokki verði færðir í verndarflokk. Ekki þarf nema eina af fyrirhuguðum virkjunum inn á svæðið til að eyðileggja heildarmynd þess og óspillta ímynd.**

**Undirrituð lýsir einnig yfir stuðningi við meðfylgjandi „Ályktun Náttúruverndarþings 2012 um þingsályktunartillögu að áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða“.**

Virðingarfyllt

Ólafía Jakobsdóttir  
Hörgslandi, 880 Kirkjubæjarklaustri

## Ályktun Náttúruverndarþings 2012 um þingsályktunartillögu að áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða.

"Náttúruverndarþing 2012 tekur eindregið undir umsögn þrettán náttúruverndarfélaga um drög að tillögu um rammaáætlun sem send var iðnaðarráðherra og umhverfisaráðherra 11. nóvember 2011. Þingið fagnar því að allmörg verðmæt svæði, sem löngu var tímabært að friðlýsa, hafa samkvæmt fyrirbyggjandi þingsályktunartillögu verið sett í verndarflokk. Nokkur önnur svæði, þar á meðal tengd Neðri-Þjórsá, Skrokköldu og Hágöngum hafa réttilega verið færð úr nýtingu í biðflokk. Náttúruverndarþing leggur ríka áherslu á að miðhálandi Íslands í heild verði um alla framtíð friðlýst samkvæmt náttúruverndarlögum eins og ríkur stuðningur er við hjá stórum hluta landsmanna. Þá er því fagnað að tillagan gerir ráð fyrir eflingu á starfsemi á verksviði friðlýsinga.

Þrátt fyrir jákvæða þætti í þingsályktunartillögunni um rammaáætlun gerir Náttúruverndarþing 2012 alvarlegar athugasemdir við eftirtalið:

Náttúruverndarþing gagnrýnir harðlega fyrirbyggjandi tillögur um Reykjanesskaga þar sem flest jarðhitasvæði frá Krisuvík og vestur úr eru sett í nýtingarflokk. Þingið telur virkjanir í Reykjanessfólkvangi óásættanlegar. Með því er m.a. gengið gegn áformum um að vernda fólkvanginn og stofna þar eldfjallabjórðgarð, en náttúruverndarhreyfingin og Samtök ferðaþjónustunnar hafa áður bent á þau ríku tækifæri sem í því felast. Jarðfræði Reykjanesskagans er einstök á heimsvísu og upplifunargildi lítt snortinnar náttúru á stórum svæðum í næsta nágrenni höfuðborgarinnar er hátt. Samkvæmt ábendingum faghóps II um rammaáætlun hafa verðmæti lítt snortinna svæða í nágrenni höfuðborgarinnar að öllum líkindum verið vanmetin fyrir útivist og ferðaþjónustu. Náttúruverndarþing 2012 krefst þess að Alþingi endurskoði þennan þátt áætlunarinnar og færi hið minnsta Sveifluháls í Krisuvík, Sandfell sunnan Keilis, Stóru-Sandvík og Eldvörp í bið- eða verndarflokk.

Óvissa ríkir um endingu jarðvarmans sem auðlindar og um marga þætti sem tengjast beislun hans, auk umhverfis- og heilsufarsáhrifa, eins og vísindamenn hafa ítrekað bent á. Því ber að gæta varúðar í jarðvarmanýtingu, sérstaklega til raforkuframleiðslu. Fjölga ætti til muna jarðhitasvæðum í biðflokki á meðan frekari upplýsinga er aflað. Þetta á m.a. við um fyrirhugaða jarðhitanýtingu á Hengilssvæðinu og á Norðausturlandi, t.d. í Bjarnarflagi. Hafa ber í huga að þegar hefur 9 af 19 sýnilegum háhitasvæðum verið raskað með nýtingu eða rannsóknaborunum.

Þingið telur að svæði með afar hátt náttúruverndargildi eins og vatnasvið Jökulsáanna í Skagafirði og vatnasvið Hólmsár og Skaftár í Skaftárhreppi ættu að færast úr biðflokki í verndarflokk og vísa til rökstuðnings í niðurstöður verkefnisstjórnar rammaáætlunar.

Náttúruverndarþing beinir því til Alþingis að það færi forræði yfir efnislegri meðferð þingsályktunartillögu um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða frá atvinnuveganefnd Alþingis til umhverfis- og samgöngunefndar."